
DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM SVARTÁRVIRKJUNAR



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2014

FS552-12091

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af hluta túngarðs sem skráður var með nafnlausu fornbýli SP-177:022 í landi Bjarnastaða. Horft til norðurs. Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2014

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	6
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	8
4. FORNLEIFASKRÁ.....	10
5. NIÐURSTÖÐUR.....	17
HEIMILDASKRÁ.....	18
HNITASKRÁ Í ISN93.....	19
KORT AF ÚTTEKTARSVÆÐI OG FORNLEIFUM.....	20

1. Inngangur


Vorið 2012 fór SSB Orka þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að stofnunin gerði fornleifakönnun á áhrifasvæði fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Svartá í Bárðardal. Eftir skráningu á vettvangi í lok júní 2012 fór SSB Orka fram á að úrvinnsla rannsókna yrði stöðvuð á meðan unnið var að fjármögnun frekari rannsókna og undirbúnings á virkjun. Sumarið 2014 tók SSB Orka upp þráðinn og óskaði þess að úrvinnsla fornleifakönnunar yrði lokið. Skráning, skýrsluskrif og kortagerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings.

Áhrifa Svartárvirkjunar mun gæta í landi þriggja lögbýla; á Bjarnastöðum, í Víðikeri og í Stóru-Tungu. Stóra-Tunga er komin í eyði en gamla íbúðarhúsið á jörðinni er nýtt undir ferðaþjónustu. Hefðbundinn landbúnaður er stundaður á Bjarnastöðum og í Víðikeri. Uppblástur hefur um langt skeið herjað á allar þessar jarðir, sér í lagi á land Stóru-Tungu sem er nánast örfoka og fundust engar minjar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar þar.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur

Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta er farið yfir helstu niðurstöður

úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).



Staðsetning fyrirhugaðrar virkjunar í Svartá í Bárðardal sýnd sem rauður kassi á Íslandskorti. Kortið fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu Þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein Þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem Þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi,

slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Fornleifaskráning vegna Svartárvirkjunar fólst í ítarlegri úttekt á því svæði sem stíflumannvirki, inntakslón, inntaksmannvirki, stöðvarhús, aðrennslisskurður og þrýstipípa náðu yfir en það var um 4 km á lengd. Að auki var tekið út svæði þar sem 1,6 km langur vegur mun liggja frá malarvegi að Stóru-Tungu og að inntaksmannvirki. Áður en vettvangsvinna hófst var rætt við ábúendur og staðkunnuga um svæðið.

Í gögnum frá SSB Orku um virkjunartilhögun kemur fram að helgunarsvæði framkvæmda sé 50 m breitt umhverfis inntakslón, inntaksmannvirki, stöðvarhús og stíflumannvirki, 25 m breitt beggja vegna við miðlínu aðrennslisskurðar og þrýstipípu en 15 m sitthvoru megin frá miðlínu vega.


Allar fornleifar sem fundust á athugunarsvæðinu eru skilgreindar „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að líklegt sé að sumum minjanna sé hægt að hlífa með réttum aðgerðum. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisáðgerða gæti þurft að grípa.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávikum.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SP-176 Víðiker

1712: "Dýrleikinn er óviss, því kotið tíundast ekki, en rómur er á að þetta sje v e land." JÁM XI, 146

Tún 2.63 ha, 5/6 slétt. -Túnakort. "Túninu spillir kelduvatn, sem jetur út rótina. Engjar öngvar, nema hvað hent er um úthaga. Úthagarnir góðir og miklir." JÁM XI, 146.

SP-176:015 *Melapollsvað* heimild um vað 65°24.481N 17°19.050V

"Nokkru fyrir sunnan Sellandsmýrina eru tveir hólmar í ánni. Heitir sá norðari Melapollshólmi, en sá syðri Garðsendahólmi... Vöð eru á ánni hjá báðum hólmunum," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: "Melapollsvað er á Svartá hjá Melapollshólma." Melapollsvað var líklega norðan við Melapollshólma, um 180 m sunnan við garðlag 033 og um 600 m norðan við vörðu A á leið 174:064 sem lá á milli Stóru-Tungu og Víðikers. Vaðið hefur að öllum líkindum verið farið á þeirri leið. Vaðið var ekki farið í minni Páls Kjartanssonar, heimildamanns. Vaðið er fast sunnan við fyrirhugað inntakslón Svartárvirkjunar og innan helgunarsvæðis þess.

Bakkar Svartár eru ekki háir þar sem ætla má að vaðið hafi verið en þeir eru allbrattir. Á austurbakkanum í landi Víðikers eru ræktuð tún alveg fram á árbakkann en uppblásið hraun er á vesturbakkanum í landi Stóru-Tungu.


Ekki er vitað hvorum megin við Melapollshólma vaðið var en líklegra er að farið hafi verið á vaði norðan við hann því að sunnan við hólmann rennur áin í þrengri farvegi og þar eru meiri flúðir og straumur. Norðan við hólmann er áin um 100 m breið og ekki mjög djúp. Ekki sjást skýr ummerki um að farið hafi verið yfir ána á þessum slóðum og engar götur sjást liggja að því vegna ræktunar austan megin og uppblásturs vestan megin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Víðiker, 6-7; Ö-Víðiker, aths. og viðb., 2

SP-176:031 tóft

65°24.854N 17°19.143V



Lítill, grjóthlaðin tóft er á flatlendi austan við Svartá um 250 m norðan við þúst 032 og um 1,9 km VSV við bæinn í Víðikeri 001. Tóftin er fast austan við fyrirhugaðan aðrennslisskurð Svartárvirkjunar og veg samsíða honum. Hún er rétt utan helgunarsvæðis þessara mannvirkja en alveg við jaðar þess og er því höfð með í skýrslu og telst í hættu vegna nálægðar við

fyrirhugað framkvæmdasvæði.


Tóftin er á blásnum grjótmel.

Tóftin er hlaðin vestan undir allmiklu bjargi og minnir helst á smalakofa eða skotbyrgi en hlutverk hennar er ekki þekkt. Tóftin er einföld, um 2,5x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést skýrt op á henni. Hæð veggja er aðeins um 0,3 m og sjást tvö umför í hleðslu. Nokkrir steinum hefur verið raðað ofan á bjargið sem tóftin er byggð við, ef til vill er það hrunin varða sem hefur átt að merkja staðinn.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-176:032 þúst

64°24.720N 17°19.195V



Allstór þúst er á eystri bakka Svartár um 250 m sunnan við hleðslu 031 og um 2 km suðvestan við bæinn í Víðikeri 001. Þústin er fast vestan við fyrirhugaðan aðrennslisskurð Svartárvirkjunar og innan helgunarsvæðis hans.

Þústin er í lyngmóa sem virðist hafa gróið aftur eftir uppblástur. Gróðurlaust svæði er sunnan og austan við þústina. Fram af henni til vesturs er allhátt niður í Svartá.

Þústin er gróin og er hún um 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er fremur flöt að ofan og er hæst um 0,5 m. Mögulegt er að ummerkin séu aðeins náttúrumyndun. Til að skera úr um það er nauðsynlegt er að rannsaka þústina.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-176:033 garðlag varnargarður

65°24.571N 17°19.127V

Uppblásið garðlag er á austurbakka Svartár um 280 m sunnan við þúst 032 og um 2,1 km suðvestan við bæinn í Víðikeri 001. Garðurinn er fast suðaustan við fyrirhugaða stíflu



Svartárvirkjunar og er innan helgunarsvæðis hennar.

Garðlagið virðist vera hlaðið á milli rofabarðs og árbakkans þar sem uppblástur hefur herjað en er þó að gróa upp.

Garðurinn er um 20 m á lengd og liggur austur-vestur. Hann er torf- og grjóthlaðinn en á stærstum hluta er hann blásinn í grjót. Hann er hæstur um 0,4 m en víðast er hann um 0,2 m á hæð og er um 1,5 m á breidd. Ekki sést fjöldi umfara. Líklegt er að garðurinn hafi verið hlaðinn til að hefta uppblástur eða rof.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-177 Bjarnastaðir

1712: "Jarðadýrleiki xii ø, og so túndast presti og fátækum." JÁM XI, 147


1318: Jörðin nefnd í máldaga Lundabrekku. DI II, 437-438.

1434: Jörðin nefnd í máldaga DI IV, 544.

Tún 5.7 ha, 5/6 slétt. Sáðreitir 20 m². -Túnakort. "Túninu grandar sandfok til stórskaða, og horfir til eyðileggíngar. Engið liggur uppá heiði með Engilæk, sem því spillir með landbroti, grjóts og sands áburði. Úthagarnir eru víðlendir og bógóðir til heiðarinnar en mjög uppblásnir heim um sig." JÁM XI, 147

SP-177:022 bæjarstæði býli

65°25.315N 17°19.386V



"Hér vestan undir melnum vestur af Kolagili [021] er Kolagilsflötur. Vestur og norður af Kolagilsfletinum er eyðibýli, sem enginn veit nafn á," segir í örnefnalýsingu. Býlið er um 1,5

km suðaustan við bæ 001 og liggur fyrirhuguð þrýstipípa Svartárvirkjunar í gegnum minjasvæðið.

Minjarnar eru uppi á holtsbrún og í mýri vestan undir henni. Minjasvæðið er að mestu leyti gróið, mýrin er grasi vaxin og holtið er vaxið lyngi og kjarri. Stór uppblásin svæði eru norðan, austan og sunnan við minjasvæðið. Sunnan við mitt minjasvæðið er uppspretta sem rennur í hlykkjum til vesturs.



Á myndinni til vinstri er tóft 022B, horft til vesturs. Á myndinni til hægri er tóft E, horft til norðausturs

Sýnilegar minjar um býlið eru á svæði sem er um 270x210 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru tvö garðlög og 10 tóftir. Flestar tóftirnar eru við suðausturjaðar túnsins. Tvöfalt gerði virðist hafa verið umhverfis túnið. Ytri garðurinn, M, sést á svæði sem er um 270x210 m að stærð og snýr norður-suður. Hann sést greinilega í norðurjaðri svæðisins á um 130 m löngum kafla. Þar liggur hann nálega austur-vestur en beygir til suðausturs í austurenda og kann að hafa tengst innri túngarðinum, K, í norðausturhorni túnsins. Garðurinn er útflettur, 2-3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hann er torfhlaðinn en grjótröð sést neðst í honum þar sem komið er rof í hann. Óljós sést móta fyrir garðinum á vesturhlið á loftmynd þar sem hann liggur um mýrlendi og frá u.þ.b. miðri suðurhlið sést garðurinn nokkuð skýrt þar sem hann liggur til SSA á um 50 m löngum kafla. Innri túngarðurinn K sést víðar en túngarður M og virðist hafa afmarkað svæði sem er um 160x135 m að stærð og snýr norður-suður. Svæðið er breiðast í norðurenda en mjókkar til suðurs. Garðurinn er horfinn á stuttum kafla á norðurhlið svæðisins og að stórum hluta á austurhlið þess vegna uppblásturs. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Breiðastur og lægstur er garðurinn í mýrlendi á vesturhlið svæðisins.

Tóft J er syðst á svæðinu og virðist hún vera sambyggð túngarði K. Hún er einföld og sjást veggir hennar óljóst en innanmál hennar er skýrt og er um 7x3 m. Tóftin snýr austur-vestur. Ekki sést veggur fyrir vesturhlið tóftar og er hún opin í þann enda. Tóft H er um 20 m norðaustan við tóft J. Tóftin er ógreinileg en aðeins sést innanmál tveggja hólfa nokkuð greinilega og óljóst mótar fyrir útlínum hennar. Tóftin er um 9x5 m að stærð og snýr ASA-VNV. Í austurenda hennar er hólf I sem er um 1x2 m að innanmáli. Ekki sést op á því. Vestan við það er hólf II sem er um 1x1,5 m að innanmáli og snúa bæði hólfín eins og tóft, ASA-VNV. Op virðist vera inn í hólf II og tóftina í suðvesturhorni. Mesta hæð tóftar er um 0,2 m. Um 4 m sunnan við hólf II í tóft H er dæld I sem er um 2x2 m að innanmáli og er ekki útilokað að hún sé hluti af tóft H eða leifar af annarri. Lítil, einföld tóft G er um 10 m NNV við tóft H. Hún er um 4,5x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grafin inn í halla og austurveggur sést ekki. Tóftin er einföld og er líklega torfhlaðin. Op er á henni til vesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Stór og allgreinileg, einföld tóft F er fast vestan við tóft G. Hún er um 15x10 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í norðausturhorni og ógreinilegt op eða rof er í norðvesturhorni. Mesta hæð veggja er 0,3 m.



Á vinstri mynd er tóft 022L, horft til suðurs. Á hægri mynd er garðlag 022M, horft til vesturs

Tóft A er um 16 m suðvestan við tóft F. Hún virðist vera einföld, er um 6x7 m að stærð, snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Ekki sést op á henni. Tóft E er um 35 m norðaustan við tóft F. Hún er einföld, um 9x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni í suðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er á brekkubrún og er allbratt niður af henni til norðvesturs þar sem uppspretta er. Vatn seytlar frá henni undan halla til vesturs. Ógreinileg brún eða garður liggur frá suðvesturenda tóftar til suðurs í átt að tóft G og gæti verið hluti af túngarði K. Tóft B er um 25 m norðaustan við tóft E. Hún er tvískipt og er um 12x7 m að stærð, snýr austur-vestur. Í austurenda er hólfi I. Það liggur í L, er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Líklega hefur verið op úr því til norðurs en það er óskýrt. Hólfi II er í vesturenda. Það er um 1,5x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Það mjókkar til vesturs og er víðast um 1 m á breidd. Op virðast vera á hólfinu og tóftinni í vesturenda. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,3 m. Í henni og við hana er mikið kjarr og lynggróður. Tóft L er um 40 m norðaustan við tóft B. Tóftin er rétt innan við túngarð K þar sem rústasvæðið stendur hæst í lyngi og kjarri vöxnum móa á holti. Tóftin er um 19x8 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru útflettir, 0,1-0,2 m á hæð, en í henni má greina tvö hólfi. Í norðurenda tóftar er hólfi I sem er um 8x3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki sést op á því. Hólfi II er í suðurenda. Það er um 4x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki sést heldur op á því. Tóft C er um 45 m suðvestan við tóft L. Hún er orðin óskýr vegna rofs sem komið hefur í hana en hefur gróið aftur. Tóftin virðist vera um 13x6 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Hún er allgreinileg í suðausturhlutanum þar sem sést eitt hólfi. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sést op á því. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Í norðvesturhlutanum sést í grjóti sem gæti verið úr veggjahleðslu. Annars virðist tóftin vera torfhlaðin. Að lokum er tóft D um 65 m suðvestan við tóft C. Tóftin virðist vera grafin inn í lága hæð. Hún er einföld, mjög gróin og vaxin kjarri og lyngi. Hún er um 10x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki er skýrt op á tóftinni en það hefur mögulega verið á vesturenda þar sem veggur er orðinn ógreinilegur og enn signari en annarsstaðar. Ekki sést ytri brún veggjar á norðurhlið tóftar en innri brúnn er nokkuð skýr. Hólfið í tóftinni er um 3x6 m að innanmáli.

Um 10 m norðan við tóft D er lítil grasi vaxinn hóll með hundapúfu á og kann hann að vera manngerður. Tóftirnar virðast allar vera torfhlaðnar en þó kann eitthvað af grjóti að vera í veggjum. Tóftir og garðlög á svæðinu benda til þess að um allfornt býli sé að ræða. Ekki er augljóst hvar bæjartóftin er en tóftir F og L eru stærstar og af þeim tveimur er tóft F líklegri bæjartóft en tóft L. Ætla má að tóftir í suðurenda túnsins (A, F, G, J og ef til vill H) hafi verið endurnýttar, mögulega sem sel, því á þeim og í kringum þær er ekki sami lyng- og kjarrgróður sem sjá má víðast annarsstaðar innan túns þar sem ekki er mýrlendi og grasið þar

er grænna en víðast annarsstaðar innan túns.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7-8

SP-177:026 garðlag vörslugarður
Garðlag er um 670 m vestan við bæ á Bjarnastöðum 001 og um 1,7 km norðvestan við vörðu 031. Garðlagið er fast sunnan við fyrirhugaða þrýstipípu Svartárvirkjunar og innan helgunarsvæðis hennar.

Garðlagið er í mýrlendum móa sem vaxinn er víði og lyngi. hann nær frá brekku í austri að útflöttum skurðruðningi í vestri.

Garðlagið er unglegt og er hlaðið úr torfi og grjóti. Það er um 55 m á lengd og snýr austur-vestur. Garðlagið er gróið, um 1 m á breidd og hæst er það um 0,4 m. Hlutverk þess er ekki þekkt en líklega hefur það þjónað sem vörslugarður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-177:029 varða

Lítil varða er um 260 m sunnan við býli 022 og um 2 km SSA við bæinn á Bjarnastöðum 001. Varðan er fast ANA við fyrirhugaða þrýstipípu Svartárvirkjunar og er innan helgisvæðis hennar.

Varðan er á grýttu, uppblásnu holti.

Varðan samanstendur af tveimur steinum sem hafa verið settir hvor ofan á annan á stórt bjarg. Saman er grjótið og bjargið um 1,1 m á hæð en bjargið er um 1 m í þvermál. Steinarnir tveir eru 0,4 m á hæð saman og 0,3 m í þvermál. Laust grjót er fast suðaustan við vörðuna og kann að hafa hrunið úr henni eða verið hluti af öðru mannvirki.

Varðan og lausa grjótið er á svæði sem er um 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en hún virðist fremur ung að árum.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

65°25.990N 17°21.625V



Garðlag 026, horft til vesturs

65°25.149N 17°19.363V



Varða 029, horft til austurs

5. Niðurstöður

Alls voru skráðar sjö fornleifar innan athugunarsvæðisins á jörðunum Bjarnastöðum og Víðikeri. Engar fornleifar fundust í landi Stóru-Tungu. Þess ber að geta að ein þeirra fornleifa sem voru skráðar er fornbylí og því tilheyra tvö garðlög og 10 tóftir sem sáust á yfirborði. Fyrirhuguð þrýstipípa liggur í gegnum tún býlisins. Línan liggur fast við annað garðlagið og yfir hitt garðlagið en er um 28 m frá þeirri tóft sem næst er pípunni. Auk býlisins voru skráð tvö garðlög, ein varða, ein tóft, ein þúst og eitt vað. Hér fyrir neðan er listi yfir fyrirhuguð mannvirki í tengslum við Svartárvirkjun og aftan við hvert þeirra kemur fram hvort og þá hvaða fornleifar fundust á helgunarsvæði þeirra.

A) *Stöðvarhús* - engar fornleifar.

B) *Þrýstipípa* - 3 fornleifar (garðlag SP-177:026, býli SP-177:022 og varða SP-177:029)

C) *Inntaksmannvirki* - engar fornleifar

D) *Aðrennslisskurður* - 2 fornleifar (þúst SP-176:032 og tóft SP-176:031. Tóftin er fast utan við jaðar helgunarsvæðis og telst í hættu)

E) *Stífla* - 1 fornleif (garðlag SP-176:033)

F) *Inntakslón* - 1 fornleif (vað SP-176:015)

G) *Vegur* - engar fornleifar

Ef engar breytingar verða gerðar á staðsetningu mannvirkja verður erfitt að komast hjá raski á hluta bæjarstæðis fornbylís SP-177:022, vörðu SP-177:029 og garðlags SP-176:033 en ef farið er með gát ætti að vera hægt að komast hjá raski á öðrum minjum á svæðinu.

Allar fornleifar eru friðaðar skv. lögum (sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012). Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

DI=ÍF: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þingeyjarsýsla.* XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Túnakort Bjarnastaða frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Víðikers frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Bjarnastaðir: Örnefnaskrá Bjarnastaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Víðiker, aths. og viðb.: Örnefnaskrá Víðikers, athugasemdir og viðbætur. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Víðiker: Örnefnaskrá Víðikers. Kári Tryggvason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Hnitaskrá í ISN93

Samtala	Longitude	Latitude
176015	578146.57	546528.64
176031	578056.03	547218.96
176032	578021.91	546969.66
176033	578081.87	546693.92
177022A	577811.46	548034.33
177022B	577857.22	548095.67
177022C	577832.76	548114.81
177022D	577778.13	548079.3
177022E	577845.19	548071.61
177022F	577824.28	548043.01
177022G	577833.55	548041.83
177022H	577836.51	548032.16
177022I	577834.74	548025.85
177022J	577821.32	548018.95
177022Ki	577822.11	548013.62
177022Kii	577857.42	548164.9
177022L	577876.55	548132.95
177022M	577765.7	547953.27
177022Uppspr	577801.8	548060.76
177026	576080.72	549277.9
177029	577871.22	547762.94

Kort af úttektarsvæði og fornleifum

Kort sem sýnir fornleifar á áhrifasvæði Svartárvirkjunar



Stöðvarhús

177026

Þrýstipípa

177022A-M

177029

Inntaksmannvirki

Aðrennslisskurður
176031

176032

176033

Stífla

176015

Vegur

Skýringar

- Fornleifar
- Garðlög
- Þrýstipípa
- Aðrennslisskurður
- Vegur

